



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

4. árg. 1995 1. tbl.

Skógræktardagur 12. ágúst '95 bls. 11

Jarðarberjarauðgreni!

Handboltinn og skógurinn

Skógræktar- námskeið

Skilvirkari og betri árangur

Eins og sagt var frá í vorblaði *Laufblaðsins* á síðastliðnu ári, stóð Skf. Íslands fyrir flokk- og verkstjóranámskeiði um allt land. Tókst námskeiðið í alla staði vel þrátt fyrir kuldaheit á Norður- og Austurlandi námskeiðsdagana og fengu þátttakendur að prófa að gróðursetja í alhvíta jörð á Húsavík og Reyðarfirði. Alls tóku þátt í námskeiðinu 220 manns en mun fleiri mættu á námskeiðin en höfðu boðað komu sína. Við höfum nú ákveðið að endurtaka námskeiðið í vor og verður það haldið dagana 29. maí til 16. júní á 12 stöðum víðs vegar um land. Um 170 manns hafa þegar boðað komu sína á námskeiðið þannig að þátttaka virðist ekki ætla að verða lakari en á síðasta ári. Atvinnuleysistryggingasjóður styrkir námskeiðið eins og í fyrra.

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.
4. árgangur, 1. tölublað, júní 1995.
Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.
Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.
Ritstjóri: Arnór Snorrason.

Forsíðumynd:
Myndin er tekin í skógarlundi
í Valabóli fyrir ofan
Kaldársel.

Útlit, umbrot, litgreiningar
og filmuvinnsla: PRENTHÖNNUN HF.
Prentun: G: Ben. Edda hf
Gefið út í 7500 eintökum.

Skjólbeltarækt á Skeiðum

Eins og skógræktarmenn þekkja þá hefur skjólbeltarækt ekki verið stunduð í sama mæli hér á landi eins og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar. Þó hafa bændur og skógræktarfolk haft mikinn áhuga á þessari ræktun, en stjórnvöld hafa því miður ekki skilið mikilvægi hennar.

Á sextíu ára afmæli Skf. Íslands árið 1990 þáði félagið að gjöf frá Danská heiðafélaginu að senda hóp skógræktarmanna til Jótlands til að kynna sér hvernig Danir standa að skjólbeltarækt. Sautján manna hópur fór til vikudvalar til Jótlands haustið 1992. Þar var skjólbeltarækt Dana kynnt en hún á 150 ára sögu. Eftir heimkomu voru haldnir fundir og málin kynnt víða um land. Meðal annars stóð Skf. Árnesinga og Búnaðarsamband Suðurlands að slíkum fundum. Undirtektir voru svo góðar að ákveðið var að vinna að framgangi aukinnar skjólbeltaræktar. Í kjölfar þessa var ákveðið að leggja upp með áætlun fyrir Skeiðahrepp í Árnessýslu.

Á árunum 1980 til 1986 var gróðursett nokkuð af skjólbeltum, m.a. á Skeiðunum með ágætum árangri. Skeiðamenn þekkja því skjólbeltarækt af eigin raun og eru mjög jákvæðir í garð hennar.

Síðastliðið sumar var plantað í tilraunabelti á Skeiðunum að forsögn Dana. Plantað var nokkuð í ný belt og plægðir 20 km sem verður plantað til í sumar. Framhaldið verður vonandi að á hverju ári verði gróðursett í 30-40 km, þar til að þéttfíð skjólbeltanet prýðir öll Skeiðin líkt og við þekkjum frá Danmörku. Skeiðahreppur hentar einkar vel til skjólbeltaræktar þar sem jarðirnar þar liggja tiltölulega þétt á marflatri sléttunni. Sveitin blasir við umferð á þjóðvegi svo að landsmenn eiga eftir að fylgjast með eigin augum með þeirri breytingu sem verður á sveitinni þegar skjólbeltin vaxa úr grasi.

Þriggja manna nefnd sem í eiga sæti fulltrúar frá sveitarstjórn, búnaðarfélagi og skógræktarfélagi sveitarinnar mun bera hitann og þungann af framkvæmd skjólbeltaáætlunarinnar. Í ár verður veittur til þessa verkefnis 2ja milljóna styrkur af 3ja milljóna ríkisframlagi til skjólbeltaræktar og verður hann nýttur til plöntukaupa. Heimamenn munu leggja á móti alla vinnu við jarðvinnslu, girðingar og útplöntun.

Ljóst er að með þessu verkefni er verið að stíga stórt framfaraskref í búskaparsögu hér á landi þar sem við erum að tileinka okkur enn frekari ræktunarbúskap en áður hefur verið.



Skjólbelti á Skeiðum í Árnessýslu.
Mynd: A.Sn. (S.I.)

MEÐ FANGIÐ FULLT AF GRÓÐRI!

PLÖNTUSALAN Í FOSSVOGI

býður tré, runna og alls kyns plöntur,
innan garðs og utan,
áburð, mold, lyf og fleira.

SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR



Fossvogsstöðin hf
FOSSVOGSBLETTI 1
fyrir neðan Borgarspítalann - sími 564 1777

Elrið vex með afbrigðum vel í Landgræðsluskógunum

Fimm ára elriplöntur gróðursettar í malarbing í Reyðarfirði.
Mynd: A.Sn. 1994 (S.I.)

Árið 1990 sem var fyrsta sumar Landgræðsluskóga var gróðursett dálítið af elri sem ræktað var á Tumastöðum í Fljótshlíð. Þetta voru 5000 plöntur af sitkælni sem er ættað frá Alaska og evrópugrænelli úr Ölpunum eða kjarrelri eins og það er oft kallað. Þess skal getið að þessar tegundir eru náskyldar og allar undirtegundir *Alnus viridis*. Aðrar undirtegundir eru híselri sem ættað er frá Austur-Siberíu og grænelli sem vex um alla Norður-Ameríku og m.a. á Grænlandi. Allar eiga þessar tegundir það sameiginlegt að vera margstofna runnar sem verða um 1-4 m háir. Þær vaxa allar á norðurhveli jarðar og heyra til undirættkvíslarinnar *Alnobetula* og telja sumir að hún sé skyldari birkættkvíslinni en öðrum elritegundum. Elrinu sem fór í Landgræðsluskóga 1990 var dreift um allt land af ásettu ráði til að kanna hversu vel það dafnaði við hin ýmsu skilyrði. Í stuttu máli sagt hefur það reynst afar vel og hefur á flestum stöðum

dafnað betur en aðrar tegundir, s.s. birki, lerki og stafafura. Mestur er munurinn við suður- og austurtrönd landsins þar sem þessar plöntur hafa vaxið ótrúlega vel við erfiðar aðstæður, s.s. eins og í Þorlákshöfn, Vík í Mýrdal, á Stjórnsandi við Kirkjubæjarklaustur, í Breiðdal og Reyðarfirði. Þessar plöntur sem eru ekki nema 6 ára gamlar eru nú þegar byrjaðar að bera fræ. Þess má til gamans geta að fræreklarnir sem eru mjög sérstakir og líkjast fremur könglum en reklum eru mjög eftirsóttir í allskyns blómaskreytingar og eru fluttir til landsins í stórum stíl. Elrið á því fljótlega eftir að gefa af sér verðmæta afurð!



Jafngamlar elriplöntur og á Reyðarfirði, gróðursettar utan í rofabaró á Stjórnsandi.
Mynd: B.J. 1994 (S.I.)

Eldra sitkælni, gróðursett um 1985, í gili við Garðyrkjuskóla ríkisins, Reykjum í Ölfusi. Þarna er það orðið um 3-4 m hátt. Mynd: B.J. 1995 (S.I.)



Af erlendum vettvangi

Nú hafa tvær þjóðir, smáríkið Danmörk og stórveldið Kína lagt fram stórhuga áætlanir um að stórauka flatarmál skóglendis landanna. Fróðlegt er fyrir okkur Íslendinga að kynna okkur hvað þessar ólíku þjóðir hafa sett sér að markmiði.

Danir hafa tekið þá pólitísku ákvörðun að tvöfalda flatarmál skóga sinna á næstu 70-100 árum. Í dag þekja skógar um 12% af flatarmáli landsins eða um 500.000 ha og er stefnt að ræktun um 1.000.000 ha á tímabilinu. Það sem ræður mestu um að hægt sé að hrinda þessu mikla verkefni í framkvæmd er stuðningur Evrópusambandsins (ESB), en styrkir til skógræktar eru hluti af landbúnaðaráætlun þess. Gerð hefur verið skógræktaráætlun fyrir hvert lén í Danmörku.

Stuðningurinn nær þó ekki til ræktunar jólatrjáa. Athyglisvert er einnig að athuga

að landeigendur fá fjárhagslegan stuðning fyrstu 5 árin eftir gróðursetningu til að sinna umhriðu plantanna.

Kínverjar hafa ákveðið að stórauka umfang skóga sinna og fylgja þannig eftir samþykktum frá umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro 1992. Var nú á dögum kynnt umhverfisáætlun sem á að gera Kína grænna og tekur til fjölmargra þátta. Eiga víðfeðm skóglaus svæði að klæðast skógi á ný, með það fyrir augum að minnka jarðvegseyðingu, draga úr áhrifum af súru regni, gefa hreinna loft, draga úr gróðurhúsaáhrifum með því að binda koltvísýring og að auðga lífríkið.


Í dag þekja skógar um 14% af flatarmáli Kína, en í áætluninni hafa menn sett sér það markmið að auka þann hluta í 17% fyrir árið 2010 og í 20% fyrir árið 2050.

trén sjálf sem skapa verðmætið og er nokkuð auðvelt út frá vexti og viðarmagni skógarins að reikna út verðmæti hans. Í útivistarskógum er þetta ekki allveg eins auðvelt og þess vegna hefur verið lítið gert að því að meta verðmæti þeirra. Í tímariti Danska skógræktarfélagssins, Skoven, birtist fyrir nokkru mjög athyglisverð grein sem lýsir tilraun sem gerð var til að meta verðmæti lands á þekktu útivistarsvæði þar í landi. Svæðið sem um ræðir heitir Mols Bjerge og er um 2.500 ha að stærð. Árlegar heimsóknir á staðinn eru um 165.000-200.000. Gerð var könnun meðal gesta hvort og hve mikið þeir væru fúsir til að borga fyrir aðgöngumiða að svæðinu sem gildi í eitt ár. Alls voru 3.300 manns spurðir þessara spurninga. Útkoman var sú að gestir voru tilbúnir að greiða sem svarar 500-600 ísl.kr. fyrir árs aðgöngumiða. Miðað við fjölda gesta á ári yrðu tekjurnar af sölu árskorta um 40-80 milljónir kr. fyrir svæðið í heild. Kostnaður við að reka Mols Bjerge er um 10-20 milljónir þannig að nettóhagnaður yrði á bilinu 20-70 milljónir á ári eða um 8.000-28.000 kr. á hvern ha. Í greininni er bent á að sé tekið mið af lægstu tekjutölunum sé verðmæti hvers ha á Mols Bjerge álíka og markaðsverð landbúnaðarjarðar á svipuðu landi. Í framhaldi af þessari rannsókn eru Danir að gera svipaðar kannanir um allt landið til að fá vitneskju um hve mikið almenningur er tilbúinn að greiða fyrir að njóta útivistar í skógum landsins. Það er skýrt tekið fram í greininni að ekki sé ætlunin að fara að rukka gesti fyrir aðgang að útivistarsvæðum heldur sé verið að meta verðmæti þeirra þannig að sveitarfélög og ríki sem kosta umsjón þeirra hafi hugmynd um hve raunveruleg arðsemi sé af rekstri slíkra svæða. Hver eru verðmæti íslensku útivistarskóganna? Hallormsstaðaskógur er fjölsóttur og á tjaldstæðinu í Atlavík voru um 10.000 gistinætur á síðasta ári. Lauslega áætlað heimsækja Hallormsstaðaskóg ekki undir 30.000 manns á ári. Sé tekið mið af dönsku könnuninni og gert ráð fyrir að hver gestur vilji borga 500 kr. á ári fyrir aðgang að skóginum eru brúttótekjur af Hallormsstaðaskógi sem útivistarsvæði ekki undir 15 milljónum króna. Heiðmörk er enn fjölsóttara útivistarsvæði en þar er áætlað að heimsóknir séu um 200.000 á ári. Sé gengið út frá því að hver gestur komi að meðaltali tvisvar á ári eru brúttótekjurnar af Heiðmörk sem útivistarsvæði um 50 milljónir á ári. (Að hluta endursögn úr Skoven, 3. tbl. 1994, bls. 136-140.)

Mat á verðmæti útivistarsvæða

Mikið hefur verið rætt um útivist og mikilvægi hennar. Það hefur aftur á móti verið erfiðleikum háð að meta verðmæti útivistarsvæða í beinhörðum peningum. Mörg af

helstu skógræktarsvæðunum eru vinsælustu útivistarsvæði landsins. Má þar nefna Heiðmörk, Kjarnaskóg, Vaglaskóg og Hallormsstaðaskóg. Í nytjaskógum eru það



Græðum landið fyrir framtíðina

Áburðarverksmiðjan býr að 40 ára reynslu og þekkingu í framleiðslu áburðar. Þar eru nú framleiddar 16 tegundir af tilbúnum áburði. Auk þess hefur verksmiðjan á bodstólum innfluttan áburð í úrvali.

Stuðlum að því að græða landið fyrir okkur og komandi kynslóðir.

ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.

Velkomin

Gróðurvinin er í Mörkinni

- Ráðleggjum um plöntuval.
- Sendum plöntur hvert á land sem er.
- Gerum ræktunarsamninga til lengri tíma.
- Auðvelt að semja um hagstæð kjör ef um stærri kaup er að ræða. Góð lausn fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og bæjarfélög.
- Við erum austast í Fossvoginum.



Tré og runnar

Laufré • Skrautrunnar • Barrtré

- Harðgerðar, stórar og fallegar plöntur eru aðalsmerki okkar. Þið fáið vel ræktuð laufré, skrautrunna og barrtré í miklu úrvali.
- Við höfum gefið út þrjú veggspjöld með myndum og upplýsingum um tré og runna. Hringið og biðjið um eintak.



Skógarplöntur



- Nú er rétti tíminn til að huga að vali og kaupum á skógarplöntum.

- Biðjið um vandaðan garðræktarbækling með plöntulista.

Marba

SÆKIÐ SUMARIÐ TIL OKKAR
GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk

STJÖRNUGRÓF 18, SÍMI 581 4288, FAX 581 2228

Gróðrarstöð án opinberra styrkja

- Sumarblóm og fjölærar plöntur
- Opið um helgar frá kl. 9-18

Tvö skógræktarfélag með ný svæði fyrir landnema

Það hefur færst í vöxt að skógræktarfélagin útdeili einstaklingum og félögum landspildum til uppgræðslu og skógræktar. Þessar spildur ganga undir mörgum nöfnum, s.s.

landnemaspildur eða flag í fóstur. Skógræktarfélagin hafa lengi haft þennan hátt á við að virkja almenning til gróðurbótastarfa en fyrstu landnemaspildunum var úthlutað á vegum Skf. Reykjavíkur í Heiðmörk þegar á sjötta áratugnum. Skf. Reykjavíkur hefur einnig úthlutað landi til gróðursetningar í Fellsmörk í Mýrdal. Önnur skógræktarfélag hafa fylgt í kjölfarið; t.d. bjóða bæði Skf. Hafnarfjarðar og Garðabæjar upp á landnemaspildur á löndum sínum ofan byggðar.

Nú hefur Skógræktarfélag Eyfirðinga haslað sér völl á Háls í Eyjafjarðarsveit Jörðin er í ríkiseign og síðastliðið vor var undirritaður leigusamningur um leigu á úthaga jarðarinnar til skógræktarfélagins. Jörðin er í vestanverðum firðinum, upp af kirkjustaðnum Saurbæ. Hluti jarðarinnar eða um 90 ha eru þegar girtir. Á næstu árum verður girðingin stækkuð til muna. Landið er

afar misjafnt, allt frá blásnum melum til kjör- lendis til skógræktar. Áform skógræktarfélagins eru að veita félagsmönnum sínum, sem þess óska, aðgang að landspildu til skógræktar. Þegar hafa um 30 einstaklingar og nokkur starfsmannafélög sótt um landnemaspildu á Hálsi. Í fyrrasumar var unnið að því að endurgirða jörðina, hreinsa til og leggja akstursleiðir. Þann 24. september var þetta nýja skógræktarsvæði svo formlega tekið til skógræktar með táknrænni gróðursetningu. Nú í sumarbyrjun verður spildum úthlutað til félagsmanna, sem þá munu væntanlega bretta upp ermarnar og taka til óspilltra málanna við ræktun nýrra skóga.

Skógræktarfélag Kópavogs hefur fengið til umræða 100 ha land úr jörðinni Vatnsenda. Landið er sunnan og vestan Vatnsendahæðar og liggur að norðurgafli Heiðmerkurgirðingar meðfram Vatnsendahjalla. Skógræktarfélagið hefur nú látið gera skógræktarskipulag fyrir allt svæðið og eru á hluta þess skipulagðar landnemaspildur. Gert er ráð fyrir 36 minni spildum fyrir einstaklinga og félagasamtök en átta stærri spildur eru ætlaðar skólunum í Kópavogi. Nú þegar hafa 13 einstaklingar og eitt starfsmannafélag í Kópavogi sótt um spildu og verður þeim úthlutað nú í vor.

Við vísu landnemaspildna í Vatnsendalandi 19. maí.

F.v. Baldur Helgason form. Skf. Kópavogs, Guðmundur M. Jónsson (BYKO) frumkvöðull að ræktun í Vatnsendahæð og Magnús Hjaltested landeigandi.

Mynd: B.J. 1995 (S.Í.).

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð mold, blönduð áburði, skeljakalki og sandi. Þú sækir eða við sendum. Afgreiðsla á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.

GÆÐAMOLD

MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988



„Jarðarberja- rauðgreni“!

Sæmundur Kr. Þorvaldsson, Ytrihúsum, formaður Skf. Dýrafjarðar, sendi okkur mynd af furðulegu rauðgreni, sem vex í reit félagsins í botni Dýrafjarðar. Þegar brumin á því springa út eru þau dumbrauð á lit en ekki ljósgræn eins og á venjulegum trjám. Hélt hann í fyrstu að um einhverja sýkingu eða hörgulsjúkdóm væri að ræða og fylgdist því með trénu yfir sumarið. Þegar líða tók á sumarið og ársprotinn var búinn að ná u.þ.b. hálfri lengd hvarf rauði liturinn og eðlilegur grænn litur tók við. Þetta ferli endurtekur sig á hverju sumri.

Laufblöðungur kannast við að hafa séð alveg eins fyrirbæri á Stálpastöðum í Skorradal. Þar fann hann tvö tré sem voru með rauða ársprotu. Liturinn á ársprotunum

er nánast alveg eins og litur rauðgreni-blómanna. Laufblöðungur hafði samband við Aðalstein Sigurgeirsson trjáerfðafræðing á Mógilsá og spurði hann út í þetta fyrirbrigði. Aðalsteinn fann ekkert um þetta í sínum bókum en kannaðist við að hafa séð eins tré fyrir utan gluggann hjá sér á námsárum sínum í Svíþjóð. Telur Aðalsteinn að hér sé um erfðagalla að ræða sem þó hefur engin merkjanleg áhrif á þrif trjáanna. Við þekkjum svipað úr dýraríkinu eins og t.d. albínóa eða hvítungja hjá spendýrum og fuglum.

Sæmundur varpar þeirri hugmynd fram hvort ekki væri hægt að fjölga slíkum einstaklingum og gera svona litskrúðug rauðgrenitré að söluvöru í garða. Í hæfilegri fjarlægð eru þessi tré eins og þakin góm-sætum jarðarberjum.

*Nærmynd af einni grein af
rauðgreninu á Stálpastöðum.
Mynd: A.S. 1988.*



SKÓGARDAGAR 1995

10. JÚNÍ

Stálpastaðaskógur í Skorradal

24. JÚNÍ

Vaglaskógur í Fnjóskadal

24. JÚNÍ

Rannsóknastöð Skógr. ríkisins, Mógilsá

8. JÚLÍ

Laugabrekkuskógur, Varmahlíð í Skagafirði

15. JÚLÍ

Hallormsstaðaskógur á Fljótsdalshéraði

29. JÚLÍ

Haukadalsskógur við Geysi

19. ÁGÚST

Jafnaskarðsskógur við Hreðavatn



Skógrækt með Skeljungi

Skógrækt ríkisins í samstarfi við Skeljung standa að Skógardögum eins og árin 1993 og 1994.

Kynntu þér íslensku skógana og njóttu lífsins í fögru umhverfi.

Matum öll!



Skógræktarsýning í Perlunni 20.–21. maí

Frá útsýnæði við Perluna. Þar var sýnd ýmiss konar úrvinnsla víðar og tæki, m.a. borðvíðarsög, spænarí og stauravinnsluvélur.

Myndir með þessari greit: J.G.P.

Helgina 20.-21. maí stóðu Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélag Reykjavíkur í sameiningu að sýningu í Perlunni í Öskjuhlíð undir yfirskriftinni „Skógurinn og víð“. Aðaláhersla var lögð á tvo þætti, þ.e. víðarafurðir íslenskra skóga og svo kynningu á útivistarsvæði Reykvíkinga í Öskjuhlíð.

Hvern hefði órað fyrir því fyrir nokkrum áratugum, að haldin yrði slík sýning á þessari öld. Víðarafurðir eru augljóslega raunveruleg framleiðslugreinin, veruleiki, sem festir skógrækt í sessi hér á landi og sýnir fram á möguleika hennar til nýsköpunar í atvinnulífi.

Á sýningunni kynnti fyrirtækið BYKO framleiðslu á stafaparketi úr íslensku lerki. Fyrirtækið hefur þróað aðferðir við vinnslu á lerki og er nú búð að setja afurðina á markað. Lerkið er hart, slitsterkt og afar áferðarfallegt, þannig að þessi vinnsla lofar góðu og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig gengur að markaðssetja og selja parketið. Lerki er mikið notað sem gólfefni víða í Evrópu vegna þess hve slitþolið það er.

Annað sem mikla athygli vakti á sýningunni var framleiðsla á límtré úr íslensku lerki. Fyrirtækið Límtré hf. á Flúðum hefur smíðað veglega göngubrú úr límtré af lerki og hefur Reykjavíkurborg þegar keypt hana til að setja upp á útivistarsvæði í borginni. Lerkið er sérlega heppilegt í slík útímann-

virki því það ver sig vel gegn fúa og er kjarnaviður þess „fúavarinn“ frá náttúrunnar hendi.

Ýmiskonar handverk var einnig sýnt í Perlunni. En handverksmenn eru greinilega mjög duglegir við að nýta sér hráefni úr íslensku skógnum og kenndi þar ýmissa grasa. Gaf að líta ýmsa list- og nytjamuni sem voru margir hverjir afar haglega unnir.

Virðist hugmyndaflugi handverksfólks engin takmörk sett, svo mikill fjöldi eigulegra gripa var þarna til sýnis.

Fyrir utan Perluna var búð að setja upp svæði þar sem kynnt voru hin ýmsu tól og tæki frá Skógrækt ríkisins, svo sem flettisagir,

trjákurllarar og staurayddarar, svo eitthvað sé nefnt. Eru nú komnar flettisagir á flestar stöðvar stofnunarinnar og víðarvinnsla víða hafin. Einnig eru nokkur skógræktarfélag byrjuð á víðarvinnslu, svo sem úr Heiðmörk og Kjarnaskógi.



Úr sýningarbás Bjarna Þórðarsonar rennismiðs, en hann og fleiri rennismiðir sýndu.



Úr sýningarbás handverkstæðisins Ásgarðs sem framleiðir leikföng og ýmsa nytjahluti úr íslenskum víði.



Ný sending * glæsilegt úrval



Nýjar gerðir af gosbrunnum, úti og inni, styttum, dælum og ljósum, garðdvergum, fuglum o.fl. til garðskreytinga

Vörufell hf.

Heiðvangi 4, Hellu
sími 487-5870

Opið 14-18
eða eftir samkomulagi.
Lokað þriðjudaga.

**GLÆSILEGT
ÚRVAL
AF HELLUM
OG STEINUM.
ENDALAUSIR
MÖGULEIKAR.**

STÉTT

Hyrjarhöfði 8
sími: 577 1700
fax: 577 1701

Dagana sem sýningin stóð var boðið upp á ferðir um skóginn í Öskjuhlíðinni þar sem staðið var fyrir ýmsum uppákomum. Var farið í fuglaskoðanir, leiki og ævintýraferðir svo eitthvað sé nefnt. Öskjuhlíðin er eitt fjölsóttasta útivistarsvæði borgarinnar enda hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur unnið markvisst að því að gera svæðið aðgengilegt almenningi. Þar voru á sveimi í skóginum allskyns furðuskepnur, svo sem jarðálfar og skógardísir og víst er að margt býr í Öskjuhlíðinni og skóginum, jafnvel fleira en við hyggjum.

Rennismiður að störfum í bás rennismiða.



Skógræktarfélag á Suðurnesjum endurvakið

Skógræktarfélag Suðurnesja var endurvakið þann 25. febr. sl. og sóttu um 70 manns stofnfundinn og gerðust félagar. Hansarósinn (*Rosa rugosa*), hin þrautseiga planta, var valin sem skjaldarmerki félagsins en minnir okkur jafnframt á að stundum getur brautin verið þyrnum stráð eins og saga hins endurreista félags gefur til kynna. Það er hins vegar eftirtektarvert að eftir aðeins þriggja mánaða starfsemi er félagafjöldinn kominn á þriðja hundrað. Þessi mikli áhugi sýnir að

endurstofnun var orðin tímabær og um leið er þetta mikilvægur stuðningur við félag sem vonir eru bundnar við. Skógræktarfélag starfaði af miklum krafti á Suðurnesjum á fimmta og sjötta áratugnum og sér þess stað í nokkrum skógræktarreitum, t.d. Sólbrekum, Selskógi við Þorbjörn og við Háabjalla ofan Vogu. Frá því að frumkvöðlar hófust handa á þessum stöðum með miklum eldmóði hafa áherslur í skógrækt breyst verulega. Skógarreitir frá þessum tíma bera þess merki að markmiðið þá var nytjaskógrækt fyrst og fremst. Nýja félagið mun hafa að leiðarljósi reynslu sem áunnist hefur síðustu áratugi. Ræktunarskilyrði eru á margan hátt erfið á Suðurnesjum og því ber að stefna að markmiðum, sem eru í ætt við landgræðsluskógrækt, þ.e. útivistar- og verndarskógrækt þar sem megingilgangurinn er að binda jarðveg, auka skjól og bæta gróðurfar og vatnsmiðlun. Á allra síðustu árum hafa margar nýjar harðgerðar tegundir runna og trjáa bæst við það úrval sem völ er á að rækta á Suðurnesjum. Fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig þær reynast þar syðra. Víst er að nýstofnað félag á fyrir höndum mörg spennandi verkefni. Við bjóðum félagið velkomni í hópinn og hvetjum félagsmenn þess til að standa dyggan vörð um starfsemi þess. Þegar hugað er að fortíð og framtíð og starfsemi er hafin á ný er rétt að hafa í huga: Engin er rós án þyrna.



Harður og snjópungur vetur kvaddur

Veturinn sem nú er vonandi að renna sitt skeið á enda hefur verið óvenju kaldur og snjópungur, einkum norðanlands og á Vestfjörðum. Að vísu voru óveður ekki sérstaklega tíð en það var óvenju kalt. Segja má að frá áramótum hafi enginn verulegur þíðukafli komið fyrr en í lok apríl. Norðanáttir hafa verið ríkjandi í allan vetur með mikilli snjókömu og stórhrið norðanlands og á Vestfjörðum. Sunnar á landinu hefur snjókoman verið minni, en slæmur skafrenningur í hörðustu norðanveðrunum hefur skemmt trjágróður á stöðum sem eru áveðurs fyrir norðanátt. Margir skógarreitir hafa algjörlega farið á kaf og eru enn undir snjó þegar þetta er skrifað. Það er því ljóst að snjóbrot eru í meira lagi eftir veturinn.

Snjóbrotin eru tvennskonar. Annars vegar brot þar sem stórir skaflar síga og rífa með sér greinar og veigaminni stofna. Hins vegar brot þar sem þungur bleytusnjór hleðst á greinar þar til þær brotna af eða trjástofninn gefur sig undan þunganum og brotnar.

Eins og sjá má á myndinni sem hér fylgir er enn mikill snjór í skóginum í Eyjafirði og verulegar snjóskemdir eru að koma í ljós. Stór tré hafa bognað og brotnað og greinar hafa rifnað af þeim. Verstar eru skemmdirnar í skógarjöðrum sem standa áveðurs fyrir norðanáttinni og ná skaflarnir 10-30 m inn í skógarjaðrana. Snjóinn hefur líka skafið í sunnanátt sem er óvenjulegt og hafa myndast skaflar þar sem venjulega eru engir.



Toyota lánar Skógræktarfélagi Íslands bifreið til afnota

Toyotaumboðið á Íslandi sýnir enn og aftur í verki velvilja sinn í garð skógræktar á Íslandi. Í sumar mun Skf. Íslands hafa að láni Toyota-jeppabifreið frá umboðinu. Starfsmenn félagsins eru mikið á ferðinni á sumrin og þurfa því nauðsynlega á að halda traustum farkosti um misjafna þjóðvegi landsins. Toyotabifreiðin er því mjög svo kærkomin og verður strax komin í fulla notkun þegar fulltrúi félagsins mun leggja „land undir hjól“ og halda gróðursetningar- námskeið vítt og breitt um landið nú í vor. Seinna í sumar mun bifreiðin nýtast vel við að ferja grisjunarflokk félagsins með sagir og annað sem honum fylgir á milli skógarlunda sem þurfa fegrunar við eftir erfiðan vetur.

Gróðursett af fullum krafti í Landgræðslu-skógaverkefninu

Gróðursetning á vegum Landgræðslu-skóga í sumar verður síst minni en verið hefur undanfarin ár. Skógræktarfélag Íslands sér um skipulag, úthlutun og dreifingu plantna en skógræktarfélagin á hverjum stað í flestum tilvikum um gróðursetningu þeirra. Skógrækt ríkisins leggur til plönturnar og koma þær frá gróðrarstöðvum stofnunarinnar og eins frá gróðrarstöðinni Barra á Egilsstöðum. Flutningur á plöntunum til hinna ýmsu svæða er í höndum Landgræðslu ríkisins. Sameinar þetta verkefni þannig krafta þessara þriggja aðila sem sameiginlega vinna að ræktun skóga og uppgræðslu landsins.

Er gert ráð fyrir að gróðursettar verði í ár um 1,1 millj. trjáplantna á nærri 90 svæðum víðs vegar um landið. Virðist verkefnið vera að festast í sessi, en fengist hefur loforð fyrir trjáplöntum að minnsta kosti til aldamóta frá landbúnaðarráðherra.

Eru félagsmenn í skógræktarfélagum hvattir til að hafa samband við sitt skógræktarfélag og leggja verkefninu lið, en gróðursetningar sjálfbóðaliða eru víða snar þáttur í starfi félaganna. Vinna þannig margar hendur létt verk!

Kaffiskógar á Íslandi 1 dós = 1 tré

Skógarnir stækka við sérhvern sofa!



SKÓGRÆKT RÍKISINS



Takið þátt í skógræktardegi skógræktarfélaganna

Ákveðið hefur verið að skógræktarfélagin efni til skógræktardags þann 12. ágúst n.k. í tilefni af náttúruverndarári Evrópu 1995.

Á stjórnarfundum Skf. Íslands kom fram hugmynd um að skógræktarfélagin myndu ákveðinn dag sem tileinkaður væri náttúruverndarárinu og á fulltrúafundi skógræktarfélaganna, sem haldinn var í Reykjavík þann 22. apríl sl. var nánar fjallað um undirbúning og fyrirkomulag.

Það er vel við hæfi að skógræktarfélagin taki þátt í alþjóðlegum tilefnum af þessu tagi ekki síst þegar haft er í huga að skógrækt hvar sem hún er stunduð í heiminum er gífurlega mikilvæg. Orsakir þeirra loftslagsbreytinga, sem spáð er að muni koma fram á næstu áratugum eru aukið magn kolefnissambanda í andrúmslofti jarðar. Skóglendi jarðar er ein mikilvægasta auðlind, sem jarðarbúar eiga en skógurinn hefur þann eiginleika að binda koltvísýring. Skógrækt á Íslandi vegur ef til vill ekki þungt í þeirri samofnu keðju sem myndar loftslagskerfi jarðar. Það er hins vegar allrar athygli vert þegar höfðatölureglan er höfð í

huga og borinn er saman fjöldi gróðursettra plantna á hvern íbúa á ári þá stöndum við Íslendingar vel í samanburði við nágrannaþjóðir. Að meðaltali gróðursetur hver Íslendingur um 20 plöntur á ári, hver Norðmaður um 17 plöntur og hver Svíi um 30 plöntur. Aðrar þjóðir í Evrópu eru ekki hálfdrættingar í samanburði.

Skógrækt er í eðli sínu umhverfisvernd og hefur ekki eingöngu staðbundin áhrif eins og ætla mátti í fyrstu. Skógrækt sem hófst hér um aldamótin og þær hugmyndir og umræða sem fylgdi í kjölfarið er fyrsti vottur um raunverulega náttúruvernd hér á landi. Friðun síðustu leifa birkiskóganna til að mynda Hallormsstaðaskógar og Vaglaskógar í byrjun aldarinnar voru fyrstu stóru skrefin sem stigin voru í náttúruvernd á Íslandi. Áratugir liðu og það er ekki fyrr en 1956 að náttúruverndarlög eru sett. Náttúru og umhverfismræða er öflug í heiminum og við sjáum þess stað hér á landi. Straumar utan frá hafa haft áhrif á umræðu á þessum vettvangi hér sem annars staðar. Í fjölmörgum er iðulega vitnað til alþjóðlegra

samþykktu, samninga eða skuldbindinga og mátti ætla að einhverjum finnst stundum að upplýsingaflóðið sé ærið mettað. Hver kannast ekki við Rio-yfirlýsingu, Dagskrá 21 (Agenda 21), skýrslu kennda við Brundtland og „sjálfbæra þróun“. Hvort sem okkur líkar betur eða verr munu umhverfis- og náttúruvernd verða áfram í deiglu og umfjöllun um þau aukast ef eitthvað er. Ef að líkum lætur verða umhverfismál og náttúruvernd meginviðfangsefni margra ríkja á næstu öld.

Skógræktarfélagin eru 51 talsins og ætla sér á skógræktardeginum að kynna starfsemi sína, árangur skógræktarstarfsins og markmið. Starf skógræktarfélaganna er mikilvægur hlekkur í náttúruvernd á Íslandi og enn er þar gífurlega mikið starf óunnið.

Á skógræktardegi skógræktarfélaganna þann 12. ágúst n.k. verður almenningi boðið upp á marghátaða skemmtan og fróðleik og ekki sakar að nefna að á þessum tíma skartar skógurinn sínu fegursta.

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar 40 ára

Um þessar mundir eru 40 ár liðin frá stofnun Skógræktarfélags Mosfellsbæjar en það heitir í dag Skf. Mosfellsbæjar og eitt og sér segir það okkur sögu, sem summa hefði kannski ekki órað fyrir. Skógurinn hefur á sama hátt og byggðin dafnað og stækkað og sér þess stað m.a. í Hamrahlíðinni sem blasir við vegfarendum í hlíðum Úlfarsfells þeim sem leið eiga hjá. Í vönduðu afmælissriti, sem félagið gaf út í tilefni tímamótanna rekur formaður félagsins Guðrún Hafsteinsdóttir í einni greininni sögu þess frá stofnun. Í fundargerð hefur m.a. verið skráð: „Tilrög þessa skógræktarmáls okkar eru þau að á 45 ára afmæli Kvenfélags Lágafellssóknar í vetur gaf dr. Helgi Tómasson félaginu 450 trjáplöntur úr gróðrarstöð sinni til gróðursetningar á þessu vori eða eftir hentugleik-



Úr Hamrahlíð. Mynd: B.J. 1989 (S.Í.).

um. Er doktorinn þar með einn af upphafsmönnum þeirrar skógræktaröldu, sem hefur risið hér í hreppnum í vetur“.

Fyrsti formaður félagsins var kosinn Guðjón Hjartarson, ráðsmaður á Álafossi, og með honum í stjórn voru Jóel Jóelsson, Helga Magnúsdóttir, Freyja Norðdahl og

Valgerður Guðmundsdóttir. Eftir fjögurra áratuga starf hafa verið gróðursettar hátt í hálf milljón plöntur í fjölda skógarreita og er nú svo komið að helsta vandamál félagsins er landleysi eða réttara sagt skortur á landi til skógræktar. *Laufblaðið* óskar félaginu til hamingju með afmælið.



'Bústi', ný skriðul víðitegund á markaðnum. Mynd: B.J. 1995 (S.Í.).

Gróðurbótafélagið

Gróðurbótafélagið er félagsskapur áhugamanna sem varð til í kringum varðveislu og tilraunir á söfnunarefni frá Alaska 1985 en Óli Valur Hansson o.fl. efndu til ferðarinnar. Félaginu hefur vaxið ásmegin með árunum og er á fundum þess m.a. fjallað um kynbætur, innflutning og tilraunir á efnivið og árangur almennt í trjárækt, garðrækt, landgræðslu og skógrækt. Gróðurbótafélagið hélt þann 19. maí sl. upp á 10 ára afmæli og var það jafnframt tuttugasti og fimmti

fundur félagsins. Við sama tækifæri var undirritaður samningur við Garðyrkjuskólann og Ólaf Njálsson um lokaskil á efniviðnum úr Alaskasafninu, aðallega víðitegundum og skrautrunnum. Undanfarin ár hafa verið gerðar tilraunir með efniviðinn víða um land og úr þeim niðurstöðum verður valinn harðgerðasti og áhugaverðasti hluti safnsins. Niðurstöður og lokaskil verða á haustmánuðum og mun efnivið sem mælt er með fá ákveðið númer eða jafnvel heiti. Framleið-

endur sem hafa áhuga á að hefja framleiðslu geta væntanlega strax á næsta ári keypt sér rétt til þess að framleiða plönturnar auk þess sem væntanlega verður gerður sérstakur samningur er kveður á um væga gjalddöku af framleiðanda næstu 10-15 árin en þetta fyrirkomulag er nýlunda hér á landi. Gjaldið er sett á í þeim tilgangi að fá að hluta upp í kostnað við úrvalið á efniviðnum en einnig ætlað til frekari þróunar eða söfnunar á nýju efni. Þá er stofngjaldið einnig mikilvægt atriði, sem á að tryggja rétta skráningu og á einnig að koma í veg fyrir stuld þeirra, sem ekki hafa greitt viðkomandi gjald. Þessi nýja skipan kallar að vissu leyti á nýja hugsun framleiðenda en vonandi verður hún af hinu góða enda er það segin saga að vönduð vinnubrögð í framleiðslumálum hljóta að vera keppikefli og skila sér í ánægðum viðskiptavinum. Fyrir þá allra áhugasömustu má geta þess að Gróðurbótafélagið samþykkti á síðasta ári að setja á markað nokkur sýnishorn af harðgerðum tegundum úr Alaskaefninu, m.a. víðitegund nefnda „Bústi“ (sjá mynd), skriðul en mjög falleg, sem skartar fallegum karlreklum á vorin.

Er land til skógræktar af skornum skammti?

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var síðastliðið haust höfðu fundarmenn orð á því að skortur á landi til útplöntunar væri orðinn tilfinnanlegur og ef ekkert yrði gert yrði ástandið óviðunandi og fjöldi skógræktarféлага gæti ekki haldið áfram útplöntun.

Seinna um haustið ákvað S.Í. að gera könnun meðal skógræktarfélaganna og umsjónaraðila Landgræðsluskóga á því hver staða þeirra væri varðandi land til skógræktar og hvar á landinu skórin kreppti. Sent var til fyrrgreindra aðila eyðublað til útfyllingar þar sem spurt var ýmissa spurninga varðandi landrymi. Niðurstöður könnunarinnar eru ekki eindregnar í þá átt að skortur á landi sé landlægur. Hann er að mestu bundinn við einn landshluta, þ.e.

Suðvesturland og þar er ástandið alvarlegt. Ef lausn fæst á friðun Reykjaness eins og lengi hefur verið draumur, opnast miklir möguleikar til trjáræktar á því svæði en það er illa farið af jarðvegseyðingu og ofbeit. Hugsanlega væri hægt að beina kröftum skógræktarfélaganna á Suðvesturlandi inn á Reykjanesskagann ef vilji þeirra og viðkomandi sveitarfélaga væri fyrir hendi. Í öðrum landshlutum er skortur á landi ekki alls staðar fyrirsjáanlegur, a.m.k. ekki í nánustu framtíð, heldur bundinn við vissa staði, eins og t.d. í Stykkishólmi, í V.-Húnavatnssýslu og á Húsavík. Þrátt fyrir þetta kom í ljós að flest þau skógræktarfélög sem skilðu af sér könnuninni gátu þess að þau hefðu áhuga á að stækka sín starfssvæði og eru þá lönd í eign ríkis og sveitarfélaga

nefnd í flestum tilvikum sem álitlegasti kosturinn. Áhuginn á að fá til umráða ný lönd er því verulegur. Mörg skógræktarfélaganna vantar til dæmis mjög land og húsnæði þar sem þau geta haft miðstöð félagsstarfsemi sinnar. Það er því algengt að þau séu á hálfgerðum vergangi og hafi engan fastan samastað fyrir verkfæri og annað sem félaginu fylgir. Það er því ljóst að bæði ríki og sveitarfélög gætu og ættu að styðja betur við bakið á skógræktarfélagunum með því að vera örlátari á land til gróðursetningar og stuðla að bættri starfsaðstöðu fyrir félögin. Þetta eru aðgerðir sem þurfa ekki að hafa í för með sér fjárútlát en geta gjörbreytt aðstöðu skógræktarfélaganna og aukið þeim kraft, þor og þol.

Nýtt rit um nytjaskógrækt

Hinn 25. júní 1970 var merkur dagur í sögu skógræktar á Íslandi. Fyrstu plönturnar í Fljótisdalsáætlun á Héraði voru þá gróðursettar og markar sú gróðursetning upphaf nytjaskógræktar á bújörðum hér á landi. Framkvæmdir við Fljótisdalsáætlun voru mismiklar frá ári til árs en segja má að hún hafi verið leyst af hólmi af Héraðsskógaverkefninu sem hófst 1990. Þá margfaldaðist gróðursetning og mun fleiri bændur gerðust þáttakendur. Árlega eru nú gróðursettar á bilinu 1-1 ½ milljón plöntur á vegum Héraðsskóga. Í öðrum landshlutum hófst nytjaskógrækt á bújörðum upp úr 1980, fyrst í Eyjafirði, síðan í S.-Þingeyjarsýslu, Borgarfirði, á Suðurlandsundirlendi og síðast í innanverðum Skagafirði. Utan Fljótisdalshéraðs eru gróðursettar árlega um 600.000 trjáplöntur í nytjaskóga bænda.

Þann 25. júní næstkomandi er því liðinn aldarfjórðungur frá því að nytjaskógrækt á bújörðum hófst og í tilefni þess gefa Héraðsskógar út 60 síðna afmælisrit.

Ritið er bæði á íslensku og ensku og prýtt fjölda mynda, súlu- og línurita. Ekki stendur til að selja ritið en áhugasamir skógræktarmenn geta haft samband við skrifstofu Héraðsskóga eftir 25. júní n.k. ef þeir vilja verða sér úti um eintak.



Skógræktarfolk
og sumarmúsaeigendur
**GIRDINGAREFNI
Í ÚRVALI**
MR búðin • Laugavegi 164
Símar : 551 1125 • 552 4355 • Fax : 581 4450



Handbók
trjáræktarfólks
Útsöluastaðir:
Bóka- og
garðyrkjuverslanir
Dreifing:
Garðyrkjumeistarinn
sími 552 6824

Handboltinn og skógurinn

Í tilefni af HM komu til landsins helstu forsvarsmenn í alþjóðasamtökum íþróttahéimsins og kom fram ósk af þeirra hálfu að þeir fengju að gróðursetja tré á Íslandi en með því móti vildu þeir sýna landi og þjóð táknræna vináttu eins og þjóðhöfðingja er siður. Skógræktarfélag Íslands brást að sjálfsögðu við þessari bön og var undirbúningur unninn í samvinnu við garðyrkjustjórnann í Reykjavík og fór gróðursetningin fram í blíðskaparveðri við gömlu Þvottalaugarnar í Laugardal. Ánægjulegt er til þess að vita að íþróttahreyfingin sem slík leggi skógræktarmálstað lið og vonandi verður þetta fordæmi erlendu gestanna til þess að íslensk íþróttahreyfing feti í fótsporin. Skóg og trjárækt þarf sannarlega á stuðningi þessarar fjölmennu hreyfingar að halda. Í samtali við Juan Antonio Samaranch, forseta Alþjóða-Ólympíunefndarinnar kom fram að þessi stóru og fjölmennu samtök væru farin að láta umhverfismál til sín taka. Sagði hann sem dæmi þar um að þegar ný

skrifstofubýgging samtakanna var teiknuð og byggð fyrir skemmstu kom í ljós að á byggingarlóðinni stóð aldagamalt tré. Stjórn Ólympíunefndarinnar gerði þá arkitekt og skipuleggjendum skylt að taka tillit til trésins þannig að það mætti standa. „Teikningunni var breytt og tréð stendur og mér þykir gaman að sýna mönnum þessa þryði“, sagði Samaranch.

Erwin Lanc,
forseti Alþjóðahandknattleikssambandsins, og
Juan Antonio Samaranch, forseti Alþjóða-
Ólympíunefndarinnar, gróðursetja.
Hulda Valtýsdóttir,
formaður Skógræktarfélags Íslands, horfir á.
Stefán Konráðsson,
mótsstjóri HM, styður við vænan silfurreyni.

Mynd: J.G.P.
(S.Í.).



Allt í garðinn

Nýju Wedevåg verkfærin
eru traust, eiguleg og vinnuvæn



- ➔ Nýtt handfang úr styrktu nylon efni hallar til að gefa betra grip.
- ➔ Skaftið er að mestu klætt með heilum járnhólki og styrktu nylon efni sem margfaldar endinguna.
- ➔ Skaftið fer einkar vel í hendi og á því eru engin hnoð eða skrúfur sem geta skaðað hendurnar.
- ➔ Ástigið og skóflublaðið er sérstaklega styrkt til átaka.
- ➔ Wedevåg gæðin kosta ekkert meira.



NORBERGS WEDEVÅG
REDSKAP

ELLINGSEN

Grandagarði 2, Rvík. sími: 552 8855, grænt númer: 800 6288

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs og flytja landsmönnum bestu óskir um ánægjulegt sumar:

Blómaval
Borgarhreppur
Dalvíkurbær
Djúpavogshreppur
Eiðahreppur
Endurvinnslan
Eyja- og Miklaholtshreppur
Ferðafélag Íslands
Fuji umboðið, Ljósmyndavörur
Garðplöntusala Ásthildar,
Ísafirði
Garðplöntustöðin Lágafelli,
Miklaholtshreppi
Garðplöntustöðin Náthagi,
Ölfushreppi
Garðyrkjufélag Íslands

Garðyrkjustöðin Grísará,
Eyjafjarðarsveit
Garðyrkjustöðin Laugarmýri,
Varmahlíð
Garðyrkjustöðin Rein,
Eyjafjarðarsveit
Gróðrarstöðin Grænahlíð,
Reykjavík
Gróðrarstöðin Laufskógar,
Borgarfirði
Gróðrarstöðin Skuld,
Hafnarfirði
Gróðrarstöðin Sólskógar,
Fljótshálsa
Hitaveita Reykjavíkur
Hitaveita Suðurnesja

Húsvíkurkaupstaður
Höfðahreppur
Hótel Edda, Kirkjubæjarklaustri
Hríseyjarhreppur Innri-
Akraneshreppur lónlánasjóður
Ísól
Jökuldalshreppur
Kjalarneshreppur
Lundarreykjadalshreppur
Morgunblaðið
Ora
Osta- og smjörsalan
Ólafsfjarðarbær
Ölfushreppur
Penninn

Rafmagnsveitur ríkisins
Raufarhafnarhreppur
Reykjavíkurborg
Reyðarfjarðarhreppur
Siglufjarðarbær
Síld og fiskur
Skaftárhreppur
Skilmannahreppur
Skinney
Stokkseyrarhreppur
SH Endurskoðun
Toyota P Samúelsson
Umbúðamiðstöðin
Vestmannaeyjabær
Vöruflutningamiðstöðin

GRÖFUÞJÓNUSTA OG FLUTNINGAR

Erum með 22 tonna beltagröfu. Tökum að okkur skurðgröft og upphreinsun eldri skurða. Einnig að plægja niður vatnsleiðslur og að leggja vegi. Útvegum efni í minni brýr og ræsi og getum gengið frá og sett niður. Getum flutt sumarbústaði.

sími 487 8665
bílasími 853 4377

Notaleg gisting góður matur og hlýleg þjónusta

- um allt land



Hótel Edda - 18 sumarhótel í allfaraleið



Ferðaskrifstofa Íslands
Skógarhlíð 18
101 Reykjavík
Sími 562-3300
Telex 2049
Fax 562-5895



*Hver á
sér fegra föðurland*

Við bjóðum

- tíðar flugferðir milli Reykjavíkur og stærri þéttbýlisstaða hringinn í kringum landið.
- gistingu á tveimur af bestu hótélunum í Reykjavík; Scandic Hótel Esju og Scandic Hótel Loftleiðum.
- bíla af öllum stærðum hjá Bílaleigu Flugleiða / Hertz.

FLUGLEIÐIR 
þjóðbraut innanlands